

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 17.12.2021
Tilvísun: 20211202863

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (bifreiðagjald, olíu- og kílómetragjald, vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. – þskj. 5, 5. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 15. desember sl. móttengið tölvupóst frá nefndasviði Alþingis þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

I. Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald

Með b-lið 1. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 5. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald. Gert er ráð fyrir því að í kjölfar eigendaskipta muni ríkisskattstjóri framkvæma endurálagningu bifreiðagjalda og á grundvelli þessa endurgreiða seljanda bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabili því sem er að líða þegar eigendaskipti fara fram en innheimta þann sama hluta hjá kaupanda í staðinn. Með hliðsjón af því að ríkisskattstjóra er ætlað að framkvæma uppgjör bifreiðagjalds í kjölfar eigendaskipta leggur embættið áherslu á mikilvægi þess að enginn vafi leiki á um viðkomandi tímamark og að skýrleiki þess gagnvart almenningi sé fullnægjandi. Ákjósanlegt væri því að fram komi í ákvæðinu að endurálagning bifreiðagjalds og endurgreiðsla þegar greidds gjalds skuli miðast við skráð eigendaskipti í ökutækjaskrá, en slíkt yrði jafnframt hvati til þess að Samgöngustofu verði tilkynnt um eigendaskipti svo skjótt sem því verði við komið. Þannig yrði fulljóst að bifreiðagjaldið miðist við skráðan eiganda og endurgreiðsla fari samkvæmt því fram miðað við skráð eigendaskipti samhliða álagningu á kaupanda vegna þess hluta gjaldtímabils sem eftir stendur.

Í þessu samhengi er vert að nefna að þónokkur dæmi eru um að gengið hafi verið frá sölu bifreiðar en jafnvel mánuðir líði þar til eigendaskipti eru tilkynnt Samgöngustofu. Geta má þess að á slíku tímabili, frá sölu bifreiðar og fram til skráningar eigendaskipta í ökutækjaskrá er innheimtumanni heimilt að gera fjárnám í bifreið seljanda enda þótt samningur hafi verið gerður um sölu. Þá er við hæfi að vísa til úrskurðar yfirkattanefndar nr. 160/2020, en þar var niðurstaða nefndarinnar að vegna fortakslauss lagaáskilnaðar þess efnis að bóta- eða styrkhafi væri skráður eigandi eða umráðamaður bifreiðar í ökutækjaskrá yrði almennt að miða niðurfellingu bifreiðagjalds vegna örorku við þann dag er Samgöngustofu eða umboðsmanni hennar væri tilkynnt um eigendaskipti að viðkomandi bifreið.

Með vísan til framangreinds leggur ríkisskattstjóri til að breytt orðalag 5. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1988 verði svohljóðandi:

„Við eigendaskipti að bifreið skal endurgreiða bifreiðagjald í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af gjaldtímabili sem er að liða þegar eigendaskipti eru skráð í ökutækisrá. Gjaldskylda flyst jafnframt frá þeim tíma yfir á kaupanda vegna þess sem eftir er af gjaldtímabilinu, með eindaga 15 dögum síðar.“

II. Breyting á lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald

Með 3. gr. frumvarpsins eru gerðar nokkrar breytingar á 14. gr. laga nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald.

Varðandi fyrirhugaðar breytingar á 1. mgr. telur ríkisskattstjóri að líklega hafi misritun valdið því að Vegagerðin er ekki nefnd samhliða faggiltum skoðunarstöðum og tollyfirvöldum, en hún hefur haft hlutverk við álestur í tilvikum þar sem mikil fjarlægð er til næstu skoðunarstöðvar. Er því lagt til að tilvísun til Vegagerðarinnar verði bætt þar inn. Þá bendir ríkisskattstjóri á að ákjósanlegt væri að gæta samræmis í hugtakanotkun og vísa því einungis til „ökumælis“ en ekki jafnframt til „kílómetramælis“ í breyttu ákvæði. Jafnframt sé rétt að áréttta að ríkisskattstjóri ákvarði að loknu álestrartímabili kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald hvort tveggja ökutækja sem færð hafa verið til álestrar og ökutækja þar sem álestur hefur farið fram með rafrænum hætti.

Þannig leggur ríkisskattstjóri til að 2.-4. málsl. 1. mgr. 14. gr., með breytingum, verði svohljóðandi:

„Eigandi eða umráðamaður ökutækis sem kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald er greitt af skv. 13. gr. skal án sérstakrar tilkynningar koma með ökutæki til álestraráðila, sem er faggilt skoðunarstöð, tollyfirvöld við innflutning og útflutning eða eftir atvikum Vegagerðin, á álestrartímabili og láta lesa á og skrá stöðu ökutækis. Ríkisskattstjóra er heimilt að ákveða að álestur af ökutækjum gjaldskylds ökutækis geti jafnframt farið fram með rafrænum hætti og skal þá faggilt skoðunarstöð yfirfara og senda ríkisskattstjóra skráningu álesturs við næstu aðalskoðun ökutækis. Ríkisskattstjóri ákvarðar að loknu hverju álestrartímabili kílómetragjald og sérstakt kílómetragjald ökutækja, sem færð hafa verið til álestrar eða álestur farið fram með rafrænum hætti, vegna aksturs þeirra frá síðasta álestrartímabili þar á undan til álestrar dags.“

Varðandi fyrirhugaðar breytingar á 3. mgr. 14. gr. laganna bendir ríkisskattstjóri á að telja verður eðlilegt að í tilvikum þegar ökutæki er fært til álestrar utan álestrartímabils og í tilvikum þar sem gerð er grein fyrir álestri með rafrænum hætti utan álestrartímabils þá séu réttaráhrifin hin sömu.

Því er lagt til að 4. málsl. 3. mgr. 14. gr. laganna verði svohljóðandi:

„Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils eða geri grein fyrir álestri með rafrænum hætti skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar.“

Loks telur ríkisskattstjóri tilefni til breytinga á 2. mgr. 12. gr. laganna, að því er varðar frest í kjölfar tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar á kílómetragjaldi eða sérstöku kílómetragjaldi,

til samræmis við önnur ákvæði skattalaga, s.s. 6. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og 5. gr. laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd. Þannig verði 15 daga frestur talinn frá dagsetningu tilkynningar en ekki póstlagningu hennar, en þannig yrði lokamálsliður 2. mgr. 12. gr. svohljóðandi:

„Við endurákvörðun skal ríkisskattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá dagsetningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar.“

Sambærilega breytingu leggur ríkisskattstjóri til á 17. gr. laganna, sem yrði svohljóðandi:

„Ákvörðun ríkisskattstjóra skv. 5. mgr. 3. gr., 6., 11. og 14. gr. er kæránleg til hans innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar. Kærufrestur reiknast frá dagsetningu tilkynningar um gjaldákvörðun.“

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingileif Eyleifsdóttir